

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 16:08
Til: Árný Sigurðardóttir; heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is; USK Þjónustu netfang
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að hundagjald öryrkja og eldri borgara verði fellt niður - R20010132

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar. Upplýsa skal borgarráð um málsmeðferð þegar hún liggur fyrir .

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að hundagjald öryrkja og eldri borgara verði fellt niður - R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að hundagjald öryrkja og eldri borgara verði fellt niður - R20010132

Flokkur fólksins leggur til að hundagjald hundaeiganda sem eru öryrkjar og/eða eldri borgarar verði fellt niður og að þessi hópar þurfi ekki að greiða slíkt gjald. Ekki fást upplýsingar frá borginni um hvað margir eru eldri borgarar sem eru skráðir hundaeigendur í Reykjavík. Sagt var að tölvukerfið biði ekki upp á að greina hundaeigendur eftir aldri eða stöðu þeirra í samfélaginu. Þessi tillaga hefur það markmið að auðvelda öryrkjum og eldri borgurum sem þess óska að halda hund og á sama tíma hvetja þá sem gælt hafa við möguleikann að eiga hund til að fá sér hund. Árlegt eftirlitsgjald er 19.850 kr. Afsláttur er veittur hafi eigandi sótt hundahlýðninámskeið og er upphæðin þá 9.925 kr. Skráning eftir að frestur er útrunninn er 31.700 kr. Skráningargjald er 20.800. Þetta eru umtalsverðar upphæðir þegar annar kostnaður við að halda hund er talinn með, fóður, dýralæknisgjöld o.fl. Flokkur fólksins leggur til að hundaeigendur sem eru eldri borgarar og hundaeigendur sem eru öryrkjar verði leystir undan því að greiða árlegt hundagjald vegna hundsins síns. Það er sérstakt að á Íslandi þurfi fólk að greiða árlegt hundaleyfisgjald og þekkist það ekki

annars staðar. Þetta er eitt af óþarfa skilyrðum og reglum sem borgin leggur á borgarbúa að mati Flokks fólksins.

Greinargerð

Það þykir flestum sjálfsagt að greiða skráningargjald fyrst þegar hundur er skráður og er það algengt í nágrannalöndum. Sú upphæð er reyndar mun lægra en hér á landi. Hvað varðar árlegt gjald, eftirlitsgjald er annað mál. Það tíðkast ekki í öðrum löndum.

Þetta gjald er 18.900 kr á hverju ári – per hund. Margir velta því fyrir sér í hvað þessir peningar eru notaðir, í þágu hverra? Í nágrannalöndum okkar er þessi peningur gjarnan notaður sem dæmi til að halda uppi gagnagrunni sem dýralæknar hafa aðgang að. Fyrir þann sem á t.d. tvo hunda á Íslandi sem lifa í 15 ár þá gæti hann þurft að greiða um 600.000 kr. í hundaleyfisgjöld. Ef borið saman við Danmörku myndi sambærilegt vera um 5.000 krónur. Gæludýr hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Á síðustu áratugum hefur áhugi á áhrifum dýra á líðan fólks aukist. Margar rannsóknir hafa bent á að gæludýr auka lífsgæði fólks og hafa jákvæð áhrif á andlega, líkamlega og félagslega líðan eigenda sinna. Gæludýr draga úr einangrun. Áhugi á áhrifum dýra á fólk hefur aukist mikið hin síðari ár og ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum sem dýr geta haft á manneskjur. Að minnsta kosti tvær rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á áhrifum gæludýra á líðan fólks þar með talið eldri borgara. Ein rannsókn kannaði áhrif heimsóknarhunda og eigenda þeirra á líðan heilabílaðra sjúklinga á öldrunarsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss. Í rannsókninni kom fram að samskipti sjúklinga við hundana létti á einangrun þeirra og þeir tjáðu sig við hundana og aðra sem í kringum þá voru og í flestum tilfellum náðist gott samband á milli fólks og hunds. Félagsskapurinn er helsti ávinningurinn sem dýrin gefa eigendum sínum og í fjölmörgum tilfellum er hundurinn eini vinurinn. Tengsl manneskju og hunds geta verið mjög sterk jafnvel jafn sterk og þau ættu við annað fólk. Hundar gefa eigendum sínum oft hlutverk, það þarf að sjá um þá, fæða þá, hreyfa og gæla við þá. Dýr virðast því uppfylla þörf fólks til að annast annan aðila. Það eru sterk tilfinningaleg bönd milli fólks og dýra sinna. Dýrin sýna eigendum sínum hlýju, traust og umhyggju án skilyrða. Þessi hlýja, traust og umhyggja fullnægir þörfum eigenda þeirra fyrir nálægð við aðra. Flokkur fólksins vill með þessari tillögu auðvelda öryrkjum og eldri borgurum sem þess óska að eiga og halda hund enda ávinningurinn mikill.

Umsagnir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um eftirfarandi tillögur lagðar fram í borgarráði þann 9. janúar 2020. Báðar tillögur eru merktar málnúmeri R20020232:

Erindi innkomið 13. janúar kl. 16:08 – Tillaga áheyrnafulltrúa flokks fólksins um að hundagjald öryrkja og eldri borgarara verði felld niður.

Í tillögunni er farið fram á að gjöld til þessara tveggja hópa verði felld niður. Lagt er til að stýrihópur á vegum umhverfis- og heilbrigðisráðs sem falið er að skoða allt dýrahald og dýraeftirlit í borginni heilsstætt taki við tillögunni til skoðunar inn í þá vinnu. HER vill þó aðeins bregðst við á þessu stigi og segja almennt varðandi þjónustugjöld Reykjavíkurborgar vegna hundaeftirlits, að þau í samhengi heildarkostnaðs við að halda hund, hafa lítið að segja. HER er umsagnaraðili að öðru leyti um tillöguna ef óskað er eftir.

Reykjavík 16. janúar 2020
Árný Sigurðardóttir